

FUNDARGERÐ

Árið 2021, föstudaginn 5. nóvember kl. 11:30, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í Sölvhólsvör á 1. hæð í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, Sölvhóls götu 7 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Guðný Sverrisdóttir formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Birgir Björn Sigurjónsson, Daníel Jakobsson, Karen E. Halldórsdóttir, Margrét Þórarinsdóttir og Stefán Vagn Stefánsson ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Árna Sverri Hafsteinssyni, Guðna Geir Einarssyni, Gústav Aron Gústavssyni, Hrafnkatli Hjörleifssyni og Óskari Helga Þorleifssyni sem ritaði fundargerð.

Gestur fundarins undir 7. lið var Helgi Grímsson frá Reykjavíkurborg.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir frá 6. október og 28. október 2021

Lagðar voru fram fundargerðir frá 6. október og 28. október 2021 til umfjöllunar og afgreiðslu.

Fundargerðirnar voru samþykktar án athugasemda.

2. Skólaakstur leikskólabarna

Dalabyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Dalabyggðar um framlag vegna tilraunaverkefnis um skólaakstur leikskólabarna. Ekki eru fordæmi fyrir því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga komi að greiðslu framlaga vegna aksturs leikskólabarna.

Að lokinni umræðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hafna erindinu.

3. Sameiningar sveitarfélaga

Umsókn vegna Blönduósbæjar, Sveitarfélagsins Skagastrandar, Húnavatnshrepps og Skagabyggðar.

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn samstarfsnefndar Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar um viðbótarframlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að ljúka uppgjöri vegna undirbúnings við sameiningu sveitarfélaganna að fjárhæð 3,5 m.kr. Áður hafði nefndin samþykkt að veita framlag að fjárhæð 17,5 m.kr. á árunum 2020 og 2021 og 18,6 m.kr. á árunum 2018 og 20019. Samtals framlag að fjárhæð 36,1 m.kr. Þar með hefur þegar verið veitt framlag sem nemur viðmiði um framlag, samkvæmt vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 1. gr. reglna nr. 782/2020.

Að lokinni umræðu komst nefndin að þeirri niðurstöðu að hafna erindinu þar eð framlag að fjárhæð sem nemur viðmiði samkvæmt vinnureglum hefur þegar verið veitt.

4. Sóknaráætlanir landshluta

Framlag úr Jöfnunarsjóði

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um sóknaráætlanir landshluta 2022. Haustið 2019 samþykkti ráðherra tillögu stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál að skiptingu grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlanasvæða. Þá var samþykkt að þær upplýsingar sem liggja til grundvallar verði uppfærðar fyrir árið 2022 og aftur fyrir árið 2024.

Sé tekið mið af uppfærðum upplýsingum breytist skipting framlaga nokkuð. Ákveðið var að stilla breytingunum í hóf þannig að ekkert svæði hækki eða lækki meira en sem nemur 1,5%. Þrjú svæði myndu þá lækka á milli ára. Til að enginn landshluti lækki er óskað eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga að fjárhæð 4.280.554 kr.

Að lokinni umfjöllun samþykkti nefndin framlag að fjárhæð 4,3 m.kr. svo framlög til svæða lækkuðu ekki á milli ára.

5. Þróun útsvarstekna 2021

Lagt var fram til kynningar yfirlit yfir þróun útsvarstekna á árinu 2021 samanborið við 2020. Í yfirlitinu má sjá að hækkun útsvars er með misjöfnun hætti til sveitarfélaga og að í nokkrum sveitarfélögum lækka útsvarstekjur á milli ára.

Á árinu 2020 var veitt sérstakt viðbótarframlag að fjárhæð 500 m.kr. til að mæta tekjusamdrætti sveitarfélaga vegna Covid faraldursins. Eftirstöðvar þess eru 42 m.kr. og lagt til að þeirri fjárhæð verði varið á þessu ári í greiðslu framlaga sem taka mið af þróun útsvarstekna sveitarfélaga.

Nefndin var sammála um að halda áfram að veita framlög á þessum grundvelli.

6. Úttekt á þróun grunnskóla

Samkomulag

Lögð voru fram drög að viljayfirlýsingu Sambands íslenskra sveitarfélaga, mennta- og menningarmálaráðherra, félags- og barnamálaráðherra og samgöngu- og sveitarstjórnaráðherra um samstarf um sameiginlega úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá yfirlýsingu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga. Þá var lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga um viljayfirlýsinguna, þar sem nánari grein er gerð fyrir úttektinni, ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs.

Kostnaður við verkefnið felst í verkefnastýringu og ritstjórn ásamt 3 m.kr. framlagi hvers aðila sem að viljayfirlýsingunni standa. Gert er ráð fyrir því að verkefnastjórn verði mynduð með fulltrúum aðila að yfirlýsingunni.

Lagt er til að á árinu 2022 verði 3 m.kr. varið til verkefnisins úr Jöfnunarsjóði.

Nefndinni leist vel á málið og samþykkti að veita framlag allt að 3 m.kr. á árinu 2022.

7. Heimsókn frá Reykjavíkurborg

1000 fyrstu orðin

Helgi Grímsson, sviðstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar, flutti kynningu á verkefninu 1000 fyrstu orðin sem er vinnuheiti á myndorðabók fyrir leikskólabörn sem byggir á tíðni orða í tali barna. Verkefnið er unnið af Miðju máls og læsis, ráðgjafarteymi á skóla- og frístundasviði

Reykjavíkurborgar um málþroska og læsi, í samstarfi við talmeifræðideild læknadeildar Háskóla Íslands og læsissérfræðinga Menntamálastofnunar. Skóla- og frístundasvið áætla að gefa öllum leikskólabörnum eintak af bókinni og veita öðrum sveitarfélög aðgang að henni til prentunar. Efni á vefsíðu verður öllum aðgengilegt. Þá mun bókinn nýtast í leikskólastarfi þar sem hún styður við starf kennara og starfsfólks á leikskólum við eflingu orðaforða barna.

Í kjölfarið var tekin til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar um framlag til verkefnisins að fjárhæð 5 m.kr. vegna annars vegar teikninga, myndskreytinga, uppsetningar og umbrots og hins vegar þýðinga á 10 tungumál og uppsetningar á vef með íslenskri talsetningu.

Nefndin var jákvæð í garð verkefnisins. Þá samþykkti hún að veita framlag að fjárhæð 5 m.kr á tveimur árum.

8. Barnaverndarstofa

Kennslukostnaður grunnskólabarna sem dvöldust á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á vorönn 2021.

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs um kennslukostnað grunnskólabarna sem dvöldust á meðferðarheimilum ásamt erindi Barnaverndarstofu þar að lútandi.

Greiðir sjóðurinn Barnaverndarstofu framlag vegna almennrar kennslu og sérkennslu þeirra barna sem vistuð eru utan lögheimilissveitarfélags og stunda þar grunnskólanám.

Óskar Barnaverndarstofa eftir greiðslu samtals að fjárhæð 2.360.523 kr. vegna þessa.

Nefndin samþykkti greiðslu til Barnaverndarstofu að fjárhæð 2.360.523 kr. vegna kennslukostnaðar grunnskólabarna sem dvöldust á meðferðarheimilum Barnaverndarstofu á vorönn 2021.

9. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna – endanleg áætlun 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun um framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna árið 2021 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Lagt er til að greitt verði með 889 einstaklingum. Gert er ráð fyrir að um endanlega áætlun sé að ræða.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

10. Framlög vegna sérþarfa fatlaðra grunnskólabarna – 1. áætlun 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 1. áætlun um framlög vegna sérþarfa fatlaðra nemenda árið 2022. Samtals er gert ráð fyrir að framlög muni nema um 2.847 m.kr.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

11. Framlög vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fyrsta áætlun um framlag vegna íslensku sem annað tungumál 2021 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs. Alls hafa verið sendar inn umsóknir frá sveitarfélögum vegna samtals 3.552 nemenda. Búast má við einhverjum fjölda síðbúinna umsókna og því gæti þessi fjöldi breyst.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

12. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Tillaga að endanlegri áætlun framlaga 2021

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að endanlegri áætlun almennra framlaga vegna fatlaðs fólks árið 2021. Greiðslur reiknast vegna 1.401 einstaklings að fjárhæð samtals 17,2 m.kr.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

13. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Framlög ársins 2022

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurreiknuð 1. áætlun almennra framlaga vegna þjónustu við fatlað fólk árið 2022. Sú breyting hefur orðið að frá upprunalegri áætlun að Austurland reiknast nú sem eitt svæði. Áhrif breytingarinnar eru minni háttar.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

14. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Aðferðafræði við úthlutun framlaga

Lagt var fram minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 3. nóvember 2021, um vinnureglur fyrir Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna sérstakra aðgengisframlaga. Framlög þessi eru veitt á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar 280/2021 um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um framlögin segir: „Sveitarfélög innan þjónustusvæða skulu standa saman að umsóknum til þess að tryggja framlög gagnist notendum á svæðinu með sem jöfnustum hætti.“

Nokkuð hefur verið um fyrirspurnir varðandi framlög til einstakra sveitarfélaga í stað þjónustusvæða. Þá var tekið til umræðu hvort ástæða væri til að breyta vinnureglum um úthlutun framlaganna.

Nefndin er þeirrar skoðunar að þjónustusvæði skuli standa að baki umsóknum en ekki einstaka sveitarfélög, sbr. núgildandi vinnureglur um úthlutun framlaganna.

Umsókn frá Vesturbyggð

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Vesturbyggðar, dags. 15. október 2021, um framlag vegna úrbóta á aðgengismálum á grundvelli 3. gr. reglugerðar 280/2021.

Með vísan til ofangreinds komst nefndin að þeirri niðurstöðu að þjónustusvæðið sem Vesturbyggð er aðili að skyldi standa að umsókninni svo unnt væri að taka hana til greina.

15. Framlög vegna lengdrar viðveru 2021

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu endanleg áætlun um framlög vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna á árinu 2021. Samtals nema framlögin 190 m.kr. og er gert ráð fyrir að 148 m.kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 42 m.kr vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Að lokinni umfjöllun var ákveðið að leggja til við ráðherra að áætlunin verði samþykkt.

16. Næsti fundur

Ákveðið var að nefndin kæmi næst saman til fundar föstudaginn 10. desember kl. 11:30.

Guðný Sverrisdóttir

Ásta Stefánsdóttir

Birgir Björn Sigurjónsson

Daníel Jakobsson

Karen E. Halldórsdóttir

Margrét Þórarinsdóttir

Stefán Vagn Stefánsson